

AUGLÝSING

um staðfestingu á deiliskipulagi þorpsins í Flatey.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðherra þann 29. júní 1993 staðfest deiliskipulag fyrir þorpið í Flatey á Breiðafirði.

Uppdráttur deiliskipulags og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Hreppsnefnd Reykhólahrepps hefur samþykkt deiliskipulagið og skipulagsstjórn ríkisins afgreitt hann til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytið, 29. júní 1993.

Össur Skarphéðinsson.

Magnús Jóhannesson.

2. júlí 1993

Nr. 276

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 407, 24. ágúst 1989, um vörugjald, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi tollskrárnúmer í viðauka I falla niður: 8706.0009, 8707.1000, 8707.9000 og 8716.9002.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 11. gr. laga nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum, og tekur gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 2. júlí 1993.

F. h. r.

Jón H. Steingrímsson.

Ingibjörg Þorsteinsdóttir.

29. júní 1993

Nr. 277

AUGLÝSING

um staðfestingu á legu Norðurlandsvegur um Bólstaðarhlíðarbrekku, Bólstaðarhlíðarhreppi.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19/1964 hefur ráðherra þann 28. júní 1993 staðfest legu Norðurlandsvegur um Bólstaðarhlíðarbrekku, í Bólstaðarhlíðarhreppi.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð, sem skipulagslög nr. 19 21. maí 1964 mæla fyrir um og skipulagsstjórn ríkisins afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytið, 29. júní 1993.

Össur Skarphéðinsson.

Magnús Jóhannesson.